



Mál: Sundabraut. Aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar.

Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats til umsagnar.

Málsaðili: Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið.

Dags. 10. október 2023

málsnúmer ONE: 23092310

Minnisblað skipulagsfulltrúa Kópavogs

Efnisyfirlit

A. Inngangur

B. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats. Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur að Reykjavík

b1. Verkefnið, gögn máls, verkefnið, málsaðili, kynningartími – tengt mál

Úr kynningu:

b2a. Sundabraut, markmið breytingar í Aðalskipulagi Reykjavíkur

b2b. Sundabraut. Valkostir um legu og útfærslu í umhverfismati (framkvæmdar)

b2c. Sundabraut. Áhrifasvæði og yfirlit mögulegra breytinga

b2d. Sundabraut. Lykilspurningar í umhverfismati (aðalskipulagsbreytingar)

b2e. Sundabraut. Samráðs- og kynningarferli

C. Minnisatriði /umsögn

Verkefnið

Minnisatriði /umsögn

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Sundabraut – aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar.

-Erindi, 20.sept. 2023, frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur

Fylgiskjal 2. Verkefnislýsing til kynningar. Kynning sama máls í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Fylgiskjal 3a. Kynning „tengds máls“ í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. (sjá einnig fylgiskjal 3a)

Fylgiskjal 3b. Til útskýringa. Tvö mál tengd í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

- Breyting á aðalskipulagi, verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats

- Matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar. Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

A. Inngangur

Málsaðili er Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. Lögð er fram verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats sbr. 1.mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. III. kafli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

- Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur að Reykjavík.
- Dagsett í september 2023.
- Boðaðar eru breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) sem varða legu og útfærslu Sundabrautar og lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna.

Erindi barst í tölvupósti, dags. 20. sept. 2023, frá deildarstjóra aðalskipulags á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Einnig er málið til kynningar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar – auk kynningar á matsáætlun Sundabrautar sbr.:

- Skipulagsgátt. mál „nr 622/2023“, „**Sundabraut - Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík**“. *Lýsing (fyrsta skref af sex), opið fyrir athugasemdir. 19.09.2023-19.10.2023. „Með þessari verklýsingu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem varða legu og útfærslu Sundabrautar.“*
- Í skipulagsgátt er einnig vísað í „Tengt mál“ „nr 627/2023“, „**Sundabraut**“. *Kynning matsáætlunar (fyrsta skref af fjórum), opið fyrir athugasemdir. 19.09.2023-19.10.2023. „Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.“*



B. Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats - Sundabraut. Stofnbraut, nýr þjóðvegur að Reykjavík. Dags. september 2023.

b1. Verkefnið, gögn máls, málsaðili, kynningartími - tengt mál

Kópavogsbæ hefur borist erindi, dags. 20. sept. 2023, frá deildarstjóra aðalskipulags á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (sjá fylgiskjal 1) „**Sundabraut – aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar**“ er lögð fram sbr. 1.mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. III.kafli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Boðaðar eru breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR2040) sem varða legu og útfærslu Sundabrautar. Jafnhliða er lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna, sbr. Lög nr. 111/2021 m.s.br. (sjá kafla 5 í kynntri verkefnislýsingu).

Gögn máls:

-Málið/verkefnislýsingin er einnig kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (sjá fylgiskjal 2). Reykjavíkurborg.

-Tengt mál í skipulagsgáttinni er „**Matsáætlun vegna Sundabrautar**“. Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

Bæði verkefnin þ.e. verkefnislýsing (aðalskipulagsbreytingar) og matsáætlun Sundabrautar voru kynnt á opnum íbúafundum þ.e. 3., 4. og 5. okt. í Klébergsskóla, Langholtsskóla og Rimaskóla – og upptökur aðgengilegar á „YouTube“ eftir fundina. Auk þess var fundur 6. okt. í húsnæði Vegagerðarinnar, Suðurhrauni – sem einnig var í streymi. Fyrirhugaðir eru fundir 11. og 12. okt. nk. á Akranesi og Mosfellsbæ.

Athugasemdafrestur er til (fyrir) 19. október 2023 í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

b2a. Sundabraut - markmið breytingar á/í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Sundabraut – markmið breytingar


- Bæta samgöngur, fyrir alla ferðamáta (akandi, almenningsamgöngur, gangandi og hjólandi) á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins með auknu öryggi og hagræði.
- Auka samfélags- og umhverfislegan ábata með minni akstri, útblæstri og mengun og styttri ferðatíma vegfaranda vegna styttri leiða til og frá höfuðborgarsvæðinu og innan þess.
- Auka sveigjanleika stofnvegakerfisins með dreifingu umferðar á fleiri leiðir og léttu á umferðarpunga af öðrum vegum, s.s. Höfðabakka um Gullinbrú, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ.
- Bæta samgöngur milli Kjálarness og megin þéttbýlis Reykjavíkur
- Bæta tengingar Grafarvogs við svæðið vestan Elliðaána
- Tengja betur atvinnusvæði á Álfsnesi og Esjumelum við megin þéttbýli Reykjavíkur og auka skilvirkni vöruflutninga og þungaflutninga



Úr kynningu Haraldar Sigurðssonar á kynningarfundum 3., 4. og 5. október 2023

b2b. Sundabraut. Valkostir um legu og útfærslu í umhverfismati (framkvæmdar)

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Sundabraut. Valkostir um legu og útfærslu í umhverfismati




- Sundabrá, auk leiðavals við Gufunes og Kollafjörð og útfærslur gatnamóta.
- Sundagöng, auk leiðavals við Gufunes og Kollafjörð og útfærslur gatnamóta.
- Óbreytt lega skv. aðalskipulagi og útfærslur gatnamóta.
- 0 – kostur, þ.e. ekki verði gert ráð fyrir Sundabraut.

Fleiri valkostir verða mögulega skoðaðir í ferlinu og nánari útfærslur á einstökum leggjum brautarinnar.

Úr kynningu Haraldr Sigurðssonar á kynningarfundum 3., 4. og 5. október 2023

b2c. Sundabraut. Áhrifsvæði og yfirlit mögulegra breytinga

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Sundabraut. Áhrifsvæði og yfirlit mögulegra breytinga



Úr kynningu Haraldr Sigurðssonar á kynningarfundum um Sundabraut 3., 4. og 5. október 2023

b2d. Sundabraut. Lykilspurningar í umhverfismati (aðalskipulagsbreytingar)

Sundabraut, aðalskipulagsbreyting

Lykilspurningar í umhverfismati

VSÓ-ráðgjöf heldur utan um umhverfismatið

Umhverfismat aðalskipulagsbreytingar þarf sérstaklega að endurspegla hið stóra samhengi þar sem fjallað er ekki eingöngu um bein umhverfisáhrif framkvæmdar og staðbundin áhrif, heldur áhrif samgönguframkvæmdar í stóru samhengi og til lengri tíma lítið.

- Hefur breyting áhrif á ferðatíma og ferðavegalengdir?
- Hverjar verða breytingar á umferð um gatnakerfi Reykjavíkur?
- Hefur breyting áhrif á ferðavenjur? Hvernig styður hún við mismunandi ferðamáta og aðgengi milli borgarhluta og einstakra hverfa?
- Hverjar eru helstu breytingar á hljóðvigt og loftgæðum á áhrifasvæði Sundabrautar?
- Verða breytingar á öryggi vegfaranda?
- Mun breyting leiða til aukinnar eða minnkunar á losunar (CO₂) frá umferð?
- Hvert er kolefnisspor mannvirkja sem tengjast Sundabraut?
- Hvers konar svæði fer undir mannvirki? Nýtur það verndar, er það óraskað?
- Hvers konar vistgerðir eru á framkvæmdasvæði? Verða áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika?
- Verða miklar breytingar á ásjúnd og yfirbragði hverfa í Reykjavík?
- Skapast tækifæri fyrir ný atvinnusvæði eða breytta landnýtingu?

Úr kynningu Haraldr Sigurðssonar á kynningarfundum 3., 4. og 5. október 2023

b2e. Sundabraut. Samráðs- og kynningarferli

Sundabraut, aðalskipulagsbreyting

Samráðs- og kynningarferli

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og sbr. III. kafli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Skjalið hefur verið sent til skilgreindra hag- og umsagnaraðila og gert aðgengilegt á vef borginnar og á skipulagsgatt.is.

Frestur til að koma með ábendingar og athugasemdir er til 19. október nk.

Úr kynningu Haraldr Sigurðssonar á kynningarfundum 3., 4. og 5. október 2023



C. Umsögn skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar

Verkefnið

Kópavogsbæ hefur borist erindi, dags. 20. sept. 2023, frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar þar sem lögð er fram til kynningar og athugasemda verklýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040). Með verklýsingunni eru boðaðar breytingar sem varða legu og útfærslu Sundabrautar.

Breytingartillögur aðalskipulags og umhverfismat þeirra verða mótaðar og kynntar samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Verklýsingin er til kynningar og umsagnar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnarfrestur er til (fyrir) 19. október 2023. Auk þess er til kynningar matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar (framkvæmdarinnar) – sem er tengt mál (í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar).

Minnisatriði/umsögn

Gert hefur verið ráð fyrir Sundabraut, sem nýrri stofnbraut í skipulagi Reykjavíkur um árabíl. Tillaga að Sundabraut, norður í Geldinganes var fyrst sett fram í drögum að aðalskipulagi Reykjavíkur síðla á á 8. áratugnum. Sundabraut sem stofnbraut innan Reykjavíkur hefur verið ráðgerð í staðfestu aðalskipulagi borgarinnar í um 40 ár. Í samræmi við viljayfirlýsingu samgönguráðherra og borgarstjóra frá júlí 2021 er nú hafinn undirbúningur skipulagsferils, umhverfismats, mótunar valkosta um útfærslur og forhönnun mannvirkja.

Tekið er undir og bent á mikilvægi þess að meta samræmi Sundabrautar við megin markmið samgöngusáttmálans, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 og önnur opinber stefnuskjöl - eins og fram kemur í inngangi verkefnislýsingarinnar. Einnig er tekið er undir áherslur í kafla 2. *Markmið og tilgangur* - sem settar eru fram í verklýsingunni og má þar nefna m.a.

- að bæta samgöngur fyrir alla ferðamáta (akandi, almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi) á noðurhluta höfuðborgarsvæðisins með auknu öryggi og hagræði,
- að auka samfélags- og umhverfislegan ábata með minni akstri, útblæstri og mengun og styttri ferðatíma vegfarenda vegna styttri leiða til og frá höfuðborgarsvæðinu og innan þess.
- að mat á valkostum um legu og útfærslu og h önnun framkvæmdar verði unnið í ítarlegu samráði við alla hagsmunaaðila – og sköpuð verði eins breið sátt um framkvæmdina og kostur er.
- o.fl.

Auk þess mikilvægt að skoða valkosti um legu og útfærslu sem settir eru fram í kafla 4. *Stefna og skipulagsákvæði ár AR2040 sem eru til endurskoðunar* og mögulega áhrifaþætti og umhverfisþætti samanber kafla 5. *Matslýsing. Mat á umhverfisáhrifum breytinga*.

Niðurlag

Kópavogsbær áskilur sér rétt til að koma með frekari ábendingar og athugasemdir á síðari stigum í skipulagsferlinu.



Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Sundabraut – aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar. Úr tölvupósti frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, sendur 20. september 2023.

- Gögn til kynningar: „[Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats, september 2023](#)“

Fylgiskjal 2. Verkefnislýsing til kynningar. Kynning sama máls í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

- Gögn til kynningar: „[Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats, september 2023](#)“

Fylgiskjal 3a. Kynning „tengds máls“ í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. (sjá einnig fylgiskjal 3a)

Fylgiskjal 3b. Til útskýringa. Tvö mál tengd í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

- **Breyting á aðalskipulagi, verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats**
- **Matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.** Upplýsingar um málið. Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

Fylgiskjal 1

Sundabraut – aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar. Úr tölvupósti frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, sendur 20. september 2023.

- Gögn til kynningar: „[Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats, september 2023](#)“

From: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 20. september 2023 14:33

Subject: Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar
Attachments: AR2040-sundabraut-verklýsing-1sept2023.pdf

Þann 14. september 2023 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Með verklýsingunni eru boðaðar breytingar sem varða legu og útfærslu áformaðrar Sundabrautar. Jafnhliða því er lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna, sbr. lög nr. 111/2021. Breytingartillögur og umhverfismat þeirra verða mótaðar og kynntar samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 111/2021 um umhverfismat er verkefnislýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar. Áformað er að kynna verkefnislýsinguna á opnum íbúafundum og verða þeir auglýstir sérstaklega.

Verkefnislýsingin er kynnt í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum; sjá skipulagsgatt.is. (<https://skipulagsgatt.is/issues/622/process>). Sjá einnig meðfylgjandi skjal.

Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi fyrir 19. október nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).



Fylgiskjal 2 :

Verkefnislýsing til kynningar. Kynning (sama máls) í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

- Gögn til kynningar:

„Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats, september 2023“

<https://skipulagsgatt.is/issues/622>



1 Lýsing
Opðrýðing athugasemda

2 Kynning tillögu á vinnustigi
Dæki hafið

3 Athugun fyrir auglýsingu
Dæki hafið

4 Auglýsing tillögu
Dæki hafið

5 Staðfesting
Dæki hafið

6 Endanleg gögn
Dæki hafið

REYKJAVÍKSBORG

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

SAMRÖÐUN

Vakta mál

Sundabraut - Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík

Upplýsingar um málið

Með þessari verklýsingu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem varða legu og úttærslu Sundabrautar.

Þann 14. september 2023 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Með verkefnislýsingu eru boðaðar breytingar sem varða legu og úttærslu áttíu ára Sundabrautar. Jafnhliða því er lögð fram áætlun um hvernig stönda skuli að umhverfismati breytinganna, sbr. lög nr. 111/2021. Breytingartillögur og umhverfismat þeirra verða mótaðar og kynntar samhlöða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 111/2021 um umhverfismat er verkefnislýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar. Áformað er að kynna verkefnislýsingu á opnum íbúafundum og verða þær auglýstir sérstaklega.

Óskað er eftir því að athugasemdamen verið komið á framfæri í gegnum þessa gátt fyrir 19. október nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagsviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagsvið Reykjavíkurborgar

Umhverfis- og skipulagsvið notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitöku, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og sálkenna borgarbúa. Að auglýsingarferli loki eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma lösum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg má finna hér. Vákan er atvikið á því að athugasemdir tilgjast til spjallborða gagni í öðru skipulagsmeðferð og þarft meðal annars nafn borgarinnar í fundargerðum skipulags- og samgönguskrá á netinu.

Gögn málsins

Hægt er að hláða niður einstaka skrár eða hláða niður öllum neðangreindum gögnum í samþjappaðri möppu.

PDF

Sundabraut - verkefnislýsing.pdf

↓

Mál nr. 622/2023
Sundabraut - Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík

OPÐ FÜRIR ATHUGASEMDIR

19.09.2023 - 19.10.2023

TEGUND MÁLS

Breyting á aðalskipulagi

STADA MÁLS

Lýsing

STADSETNING

Reykjavíkurborg

TENGSJUR OG DAGS STOFNAD

Purður María Guðmundsdóttir, lumbóði fyrir Reykjavíkurborg
19.09.2023

TENGGI MÁL

627/2023

Sundabraut

Fylgiskjal 3a:

Kynning „tengds máls“ í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. (sjá einnig fylgiskjal 3a)

- Sundabraut – kynning matsáætlunar. Vegagerðin í samvinnu við Reykjavíkurborg hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

<https://skipulagsgatt.is/issues/627> (í upphafi kynningarferils)

1 Kynning matsáætlunar
Opðrýðing athugasemda

2 Álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun
Dæki hafið

3 Kynning umhverfismatskýrslu
Dæki hafið

4 Álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatskýrslu
Dæki hafið

REYKJAVÍKSBORG

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

GRUNNVISKI

Vakta mál

Sundabraut

Upplýsingar um málið

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

Gögn málsins

Hægt er að hláða niður einstaka skrár eða hláða niður öllum neðangreindum gögnum í samþjappaðri möppu.

PDF

202306073 - 101193-MAT-001-V01 - Sundabraut matsáætlun 220923.pdf

↓

Sækja öll gögn (1) ↓

Mál nr. 627/2023
Sundabraut

OPÐ FÜRIR ATHUGASEMDIR

19.09.2023 - 19.10.2023

TEGUND MÁLS

Mat á umhverfisáhrifum

STADA MÁLS

Kynning matsáætlunar

STADSETNING

Reykjavíkurborg

TENGSJUR OG DAGS STOFNAD

Jón Ágúst Jónsson, Skipulagsstofnun
19.09.2023

TENGGI MÁL

627/2023

Sundabraut - Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík

7

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



<https://skipulagsgatt.is/issues/627> (kynningarfundir voru síðan auglýstir í skipulagsgáttinni undir þessu máli – einnig á vefsíðum Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar)

1 Kynning matsáætlunar
Ópið fyrir athugasemdir

2 Álit Skipulagsstofnunar um
matsáætlun
Ekki hafið

3 Kynning umhverfismatsskýrslu
Ekki hafið

4 Álit Skipulagsstofnunar um
umhverfismatsskýrslu
Ekki hafið

REYKJAVÍKURBORG

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

GRUNNVIRKI

Vakta mál

Sundabraut

1

Upplýsingar um málið

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar. Kortasjá með þeim valkostum sem settir eru fram í matsáætlun má finna á eftirfarandi síðu: [Sundabraut - Umhverfismat framkvæmdar \(arcgis.com\)](#)

Opnir kynningarfundir verða sem hér segir:
3. okt – Klébergsskóli, Kjalarnesi, kl. 18-19.30
4. okt – Langholtsskóli, kl. 17.30-19
5. okt – Rimaskóli, kl. 17.30-19
6. okt – Vegagerðin, Suðurhrauni 3 í Garðabæ, fundur á staðnum og í streymi kl. 9-10.30 ([Morgunfundur um Sundabraut í Suðurhrauni 3 og í streymi | Facebook](#))
11. okt – Akranes, Tónlistarskólinn Akranesi kl. 19.30-20.45
12. okt – Mosfellsbær, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (salur) kl. 18-19.15

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

Gögn málsins

Hægt er að hlaða niður einstaka skrár eða hlaða niður öllum neðangreindum gögnum í samþjappaðri möppu.

PDF

202306073 - 101193-MAT-001-V01 - Sundabraut matsáætlun 220923.pdf

Mál nr. 627/2023
Sundabraut

OPÍÐ FYRIR
ATHUGASEMDIR

19.09.2023 - 19.10.2023

TEGUND MÁLS
Mat á umhverfisáhrifum

STADA MÁLS
Kynning matsáætlunar

STAÐSETNING
Reykjavíkurborg

TENGILIDUR OG DAGS STOFNAD
Jón Ágúst Jónsson,
Skipulagsstofnun
19.09.2023

TENGD MÁL
622/2023
Sundabraut - Stofnbraut,
nýr þjóðvegur í Reykjavík

Fylgiskjal 3b – til útskýringa. Tvö mál tengd í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

- [Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats](#). mál „nr 622/2023“, „**Sundabraut - Stofnbraut, nýr þjóðvegur í Reykjavík**“. *Lýsing (fyrsta skref af sex)*, opið fyrir athugasemdir. 19.09.2023-19.10.2023

1 Lýsing
Ópið fyrir
athugasemdir

2 Kynning
tillögu á
vinnslustigi
Ekki hafið

3 Athugun fyrir
auglýsingu
Ekki hafið

4 Auglýsing
tillögu
Ekki hafið

5 Staðfesting
Ekki hafið

6 Endanleg
gögn
Ekki hafið

Þar er einnig vísað í „Tengt mál“, „nr 627/2023“, „**Sundabraut**“. [Kynning matsáætlunar](#) (fyrsta skref af fjórum), opið fyrir athugasemdir. 19.09.2023-19.10.2023.

- Upplýsingar um málið. Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hefur lagt fram matsáætlun vegna umhverfismats Sundabrautar.

1 Kynning matsáætlunar
Ópið fyrir athugasemdir

2 Álit Skipulagsstofnunar um
matsáætlun
Ekki hafið

3 Kynning umhverfismatsskýrslu
Ekki hafið

4 Álit Skipulagsstofnunar um
umhverfismatsskýrslu
Ekki hafið

8

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026